

157. löggjafarþing 2025.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á skipulagslögum nr. 123/2010, með síðari breytingum

1. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 7. tl. 1. mgr. 2. gr. kemur: „Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun“.

2. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. og 8. mgr. 7. gr., 4. mgr. 9. gr., 4. mgr. 10. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 5. mgr. 11. gr., tvívegis í 2. mgr. 11. gr. b., 3. mgr. 11. gr. e., 5. mgr. 12. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr. 14. gr., tvívegis í 1. mgr. 17. gr., 2. tölul. 1. mgr. 18. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 22. gr., 1. mgr. og þrívegis í 3. mgr. 23. gr., í 3., tvívegis í 4. og í 5. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 2. og 3. mgr. 29. gr., 1. mgr. og fjórvegis í 4. mgr. 30. gr., 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og 4. mgr. 32. gr., 1. mgr. 33. gr., tvívegis í 2. mgr. 34. gr., 1. mgr. 35. gr., þrívegis í 2. mgr. 36. gr., 3. mgr. 40. gr., 3. mgr. 41. gr., fjórvegis í 1. mgr. 42. gr., 2. mgr. 43. gr., 1., 10., 12., 13. og 14. mgr. 45. gr., 1., 2. og 4. mgr. 46. gr., 1. mgr. og 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 52. gr. og fimmtán sinnum í 1, 2., 4. og 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða laganna kemur, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Verkefni Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.*
- b. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur einn málslíður er orðast svo: Helstu verkefni Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar samkvæmt lögum þessum eru:

4. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, nr. 137/2019, með síðari breytingum

5. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. gr., 1. og 3. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr., 1., 2. og 3. mgr. 7. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., tvívegis í 1. mgr. 11. gr., í 11. gr. a, í 12. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 13. gr., í 1. og 2. mgr. 14. gr., í 15. gr., í 16. gr., 17. gr., þrívegis í 2. mgr. og í 4. mgr. 18. gr. laganna koma, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „mannvirkjamála“ í 1. mgr. kemur: skipulagsmála.
- b. Á eftir orðunum „við sveitarfélög um“ í 2. mgr. kemur: skipulagsmál og.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „lögum um lögum um skráningu“ í 1. mgr. kemur: merki og á eftir orðunum „mat fasteigna“ kemur: skipulagslögum.
- b. Á eftir orðunum „samstarf um“ í 2. mgr. kemur: skipulagsmál og.

8. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.**

III. KAFLI

Breyting á lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, með síðari breytingum

9. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 18. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

IV. KAFLI

Breyting á þinglýsingarlögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum

10. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögnum kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

V. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, með síðari breytingum

11. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 3. mgr. 9. gr. og í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994, með síðari breytingum

12. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 2. og 4. mgr. 17. gr. og 1. og 2. mgr. 78. gr. kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

VII. KAFLI

Breyting á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum

13. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 2. mgr. 4. gr., 1., 2. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr., 5. mgr., tvívegis í 6. mgr. og í 7. mgr. 5. gr., 1., 4., 5. og 6. mgr. 5. gr. a, 35. gr., 6. mgr. 37. gr., tvívegis í 4. mgr. 37. gr. a, tvívegis í 2. mgr. 37. gr. b, tvívegis í 4. mgr. 37. gr. c, tvívegis í 3. mgr. 52. gr., 4. mgr. 52. gr. a, 2. mgr. 55. gr. a, 2. mgr. 60. gr., 2. mgr. 61. gr. og í 1. og tvívegis í 2. mgr. 86. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum

14. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 1. mgr., 2. mgr., 4. mgr., 6. mgr., tvívegis í 7. mgr. og í 10. mgr. 2. gr. og í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, nr. 72/1994, með síðari breytingum

15. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 4. mgr. 4. gr., tvívegis í 6. gr., í 7. gr., í fyrirsögn, 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 8. gr., í 1., 4. og 5. mgr. 9. gr., í fyrirsögn, 1., 2. og 4. mgr. 10. gr., í 11. gr., í fyrirsögn, 1. og 2. mgr. 12. gr. og í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

X. KAFLI

Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum

16. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 2. mgr. 2. gr. og 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, með síðari breytingum

17. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. og 2. mgr. 11. gr., í fyrirsögn og 1. mgr. 14. gr., í 1. mgr. 15. gr., í 1., 2. og 4. mgr. 16. gr., í 17. gr., 2. mgr. 18. gr., 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum

18. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, með síðari breytingum

19. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum tvívegis í 1. mgr. 3. gr., tvívegis í 2. mgr. og í 3. mgr. 5. gr., í 3. mgr. 5. gr. b, í 1. mgr. 5. gr. c, í 1. mgr. 5. gr. d, tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 6. gr., í 7. gr., í 1. og 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., tvívegis í 1. mgr., í 2. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr., í 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 12. mgr. 11. gr., tvívegis í 1. mgr. 12. gr., fimm sinnum í 2. mgr. 13. gr., í 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. a, í 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. b, í 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. c, í 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. d, 1. mgr. 13. gr. e, tíu sinnum í 1. mgr. 14. gr., í 1. mgr. 15. gr., tvívegis í 1. mgr. 16. gr., í 17. gr. og tvívegis í 1. mgr., í 3., 4., 7. og 8. mgr. 18. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, með síðari breytingum

20. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum

21. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnunar“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

22. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar“ í 33. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

XVI. KAFLI

Breyting á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum

23. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 5. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 24. gr., 2. mgr. 28. gr., 10. mgr. 32. gr., 4. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 33. gr., 1., 2. og 4. mgr. 33. gr. a og 1. mgr. 33. gr. b laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum

24. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum þrívegis í 1. mgr. 2. gr., í fyrirsögn, 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr., í 1. og 4. mgr. 14. gr., í 3. mgr. 14. gr. a, í fyrirsögn og 1. mgr. 15. gr., í 1. og 2. mgr. 16. gr., í 17. gr., í 18. gr., í 1. og 3. mgr. 19. gr., í 20. gr., í 2., 3. og 4. mgr. 21. gr., í 29. gr., í 1. mgr., tvívegis í 5. mgr. og í 7. mgr. 29. gr. a, tvívegis í 2. mgr. 29. gr. b, þrívegis í 1. mgr., tvívegis í 5. mgr. og í 6. mgr. 29. gr. c, í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 30. gr., í 33. gr., í 1. mgr. 35. gr., fjórum sinnum í 4. mgr. 36. gr., í 6. og 7. mgr. 37. gr., tvívegis í 1. mgr. 39. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 40. gr., í 42. gr., í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 46. gr., í 1. og 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., fjórum sinnum í 4. mgr., tvívegis í 5. mgr., þrívegis í 6. mgr. og í 7. og 8. mgr. 47. gr., í 1. og 5. mgr., tvívegis í 6. mgr. og í 8. mgr. 48. gr. og í ákvæði til bráðabirgða XIX laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög, nr. 153/1998, með síðari breytingum

25. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í c. lið 1. mgr. 3. gr. og í 7. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum

26. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 4. gr., þrívegis í 6. gr., í 1. og 2. mgr. 9. gr., 4. mgr. 11. gr., e. lið 1. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 13. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 13. gr. a, 2. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 3. mgr. 17. gr., 4. mgr. 24. gr., 3. og 4. mgr. 25. gr. a, 1. mgr., þrívegis í 2. mgr. og í 3. mgr. 25. gr. b, tvívegis í 1. mgr. og í 3. mgr. 25. gr. c, í fyrirsögn, 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 25. gr. d, tvívegis í 1. mgr., 3. mgr., 4. mgr., 7. mgr., og 8. mgr. 25. gr. e, í 1. mgr. 25. gr. f, í 1. og 2. mgr. 27. gr., í fyrirsögn og 1., 2. og 3. mgr. 28. gr., í fyrirsögn, þrívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 33. gr., í 2. mgr. 36. gr., í 1. og 2. mgr. 38. gr., tvívegis í 1. mgr., í 2. mgr., 3. mgr., tvívegis í 4. mgr. og í 6. mgr. 38. gr. a, í 1. og 2. mgr. 39. gr. og í ákvæði til bráðabirgða VI laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XX. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum

27. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. mgr. 1. gr., 2., 3. og 4. mgr. 3. gr. a, tvívegis í 2. mgr. 6. gr., í 2. og 3. mgr. 6. gr. g, í 2. mgr. 6. gr. i, 1. mgr. 6. gr. k, 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 16. gr., 18. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr., tvívegis í 5. mgr. og í 6., 7. og 8. mgr. 19. gr., í 20. gr., 1. mgr. 21. gr., 1., 2., 3. og 4. mgr. 22. gr., 23. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 4. mgr. 24. gr., í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og í 3. mgr. 29. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 30. gr., í 1. og 2. mgr. 31. gr., tvívegis í 1. mgr. 32. gr., í 1. og 2. mgr. 32. gr. a og í ákvæði til bráðabirgða IV og ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 36/2022 laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum

28. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar“ í 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar“ í 3. mgr. kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.
- b. Orðið „Skipulagsstofnun“ í 3. mgr. fellur brott.

XXII. KAFLI

Breyting á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, með síðari breytingum

30. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarmyndum í 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 6. gr., 3. mgr. 8. gr., fyrirsögn, tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 9. gr., í fyrirsögn, 1. og 2. mgr. 10. gr., í fyrirsögn, tvívegis í 1. mgr., í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og í 4. mgr. 11. gr. og tvívegis í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarmyndum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXIII. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum

31. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar“ í 1. mgr. 116. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum

32. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 3. mgr. 66. gr., 2. og 5. mgr. 68. gr. B, 1. mgr. 70. gr., 5. mgr. 71. gr. og 2. mgr. 117. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, með síðari breytingum

33. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í b. lið 3. mgr. 4. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXVI. KAFLI

Breyting á jarðalögum, nr. 81/2004, með síðari breytingum

34. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 7. mgr. 10. gr. a og tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXVII. KAFLI

Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, með síðari breytingum

35. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. og 2. mgr. 4. gr., 2. og 3. mgr. 6. gr., 7. gr., 3. mgr. 10. gr., tvívegis í 2. mgr. og í 4. mgr. 13. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr., 18. gr., 19. gr., 1. og 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 22. gr., 2., 3. og 4. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 2. mgr. 27. gr., 1. og 2. mgr. 29. gr., 1. og 2. mgr. 30. gr., 1. mgr. 31. gr., b. liður 1. mgr. 32. gr., 33. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 3. mgr. 34. gr., í kaflafyrirsögn X. kafla, tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 35. gr., í 1. mgr. 36. gr., í 1., 2. og 3. mgr. 37. gr., í 38. gr., í 38. gr. a, í 1. mgr. 39. gr., í 1. og 3. mgr. 40. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 42. gr., í 43. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, nr. 135/2007, með síðari breytingum

36. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. og 2. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, með síðari breytingum

37. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í öllum beygingarföllum tvívegis í 1. mgr. 4. gr. a., í 2. mgr. 4. gr. b., í 1. mgr. 5. gr., í 1. mgr. 8. gr., tvívegis í 1. mgr. og fimm sinnum í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXX. KAFLI

Breyting á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum

38. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, með síðari breytingum

39. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um visthönnun vöru sem tengist orkunotkun, nr. 42/2009, með síðari breytingum

40. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 4. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., í 3. og 4. mgr. 6. gr., tvívegis í 2. mgr. 10. gr., í fyrirsögn, 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 11. gr., 1., 3. og 4. mgr. 12. gr., í fyrirsögn, 1., 2. og 4. mgr. 13. gr., í 14. gr. og í fyrirsögn, 1. og 2. mgr. 15. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, með síðari breytingum

41. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnunar“ tvívegis í 2. mgr. 10. gr. og í 5. mgr. 13. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

42. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 6. tölul. 3. gr., 2. mgr. 4. gr., fyrirsögn og 1. mgr. 5. gr., 6. mgr. 7. gr., 3. mgr. 8. gr., 1., 2. og 3. mgr. 9. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., tvívegis í 11. gr., 3. mgr. 12. gr., 5. tölul. 1. mgr. 13. gr., 4. mgr. 16. gr., í 1. mgr., fjórum sinnum í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og í 5. mgr. 17. gr., í fyrirsögn, þrívegis í 1. mgr., þrívegis í 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 18. gr., tvívegis í 1. mgr. 19. gr., tvívegis í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., í 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 20. gr., sex sinnum í 1. mgr. 21. gr., í 6. mgr. 23. gr., í 2. mgr. 24. gr., í 1. og 2. mgr. 25. gr., í 1. og 2. mgr. 26. gr., í 3. mgr. 27. gr., þrívegis í 1. mgr., í 2., 4. og 6. mgr. 28. gr., í 6. mgr. 29. gr., tvívegis í 3. mgr. og í 5. og 7. mgr. 32. gr., í 1. mgr. 33. gr., 2., 3. og 4. mgr. 34. gr., 2. mgr. 35. gr., 2. mgr. 36. gr., 1. mgr. 37. gr., í fyrirsögn og 1. mgr. 52. gr., 1. og 2. mgr. 53. gr., tvívegis í 1. mgr., fjórum sinnum í 2. mgr., þrívegis í 3. mgr. og í 4. mgr. 54. gr., 1. mgr. 54. gr. a, 1., 2. og 4. mgr. 55. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og í 3. mgr. 56. gr., tvívegis í 1. mgr., í 2. og 3. mgr. 57. gr., sex sinnum í 1. mgr. 60. gr., í fyrirsögn og tvívegis í 1. mgr. 61. gr., tvívegis í 2. mgr. 62. gr. og þrívegis í ákvæði til bráðabirgða laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, með síðari breytingum

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Orðið „Skipulagsstofnun“ í 2. mgr. fellur brott.

b. Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 2. mgr. kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, með síðari breytingum

44. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í öllum beygingarföllum í 3. mgr. 5. gr. og fjórvegis í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um skeldýrarækt nr. 90/2011, með síðari breytingum

45. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnunar“ í 3. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 9. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, með síðari breytingum

46. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnunar“ í a-lið 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum

47. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í öllum beygingarföllum í 2. mgr. 32. gr. og 4. mgr. 68. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XXXIX. KAFLI

Breyting á efnalögum, nr. 61/2013, með síðari breytingum

48. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í fyrirsögn og 1. mgr. 10. gr. a og 1. mgr. 47. gr. d laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XL. KAFLI

Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, með síðari breytingum

49. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 10. og 11. mgr. 4. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um byggingarvörur, nr. 114/2014, með síðari breytingum

50. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 3. gr., tvívegis í 4. mgr. 4. gr., í 1. og 2. mgr. 5. gr., 5. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., 4. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og í 3. mgr. 15. gr., 1. og 4. mgr. 16. gr., í fyrirsögn, 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 20. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015, með síðari breytingum

51. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í viðeigandi beygingarföllum í 1. mgr. 7. gr. og 11. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016, með síðari breytingum

52. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 4. tölul. 1. mgr., 3. gr., 3. mgr. 8. gr., tvisvar í 1. mgr., tvisvar í 3. mgr. og í 4. mgr. 10. gr., tvisvar í 3. mgr., 9. mgr. og 10. mgr. 11. gr., í 1. mgr. 12. gr., fjórum sinnum í 1. mgr., í 2. og 3. mgr. 13. gr., tvisvar í 1. mgr. tvisvar í 2. mgr., í 6. mgr. og 8. mgr. 14. gr., fjórum sinnum í 1. mgr., í 2. mgr., 3. mgr., tvisvar í 8. mgr. og í 9. mgr. 16. gr., í 1. mgr., þrisvar sinnum í 2. mgr., 3. mgr., tvisvar í 4. mgr. og tvisvar í 5. mgr. 23. gr., í 6. tölul. 1. mgr. 27. gr. og í ákvæðum til bráðabirgða VII og VIII laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLIV. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, með síðari breytingum

53. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. mgr. 5. gr., d. lið 2. mgr. 9. gr. og í fyrirsögn og 1. mgr. 12. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um timbur og timburvöru, nr. 95/2016, með síðari breytingum

54. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í fyrirsögn, 1. og 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 5. gr., þrívegis í 1. mgr. 6. gr., í 1. mgr. 7. gr., í 2. mgr. 12. gr.,

í 1. mgr. 13. gr., í 1. og 2. mgr. 14. gr., tvívegis í 15. gr., í 16. gr., í 17. gr. og í 1., 2. og 3. mgr. 18. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLVI. KAFLI

Breyting á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, með síðari breytingum

55. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 2. tölul. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, með síðari breytingum

56. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018, með síðari breytingum

57. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ öllum beygingarföllum þrívegis í 1. mgr. 13. gr., í fyrirsögn, tvívegis í 1. mgr. og í 3. og 4. mgr. 14. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 14. gr. a, í 1., 2. og 3. mgr. og tvívegi í 4. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 15. gr., í 1. mgr. 16. gr., í 17. gr., í 19. gr., í 1. mgr. og þrívegis í 3. mgr. 20. gr. a, tvívegis í 1. mgr. og í 5. mgr. 20. gr. b og í 1. mgr., þrívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., tvívegis í 4. mgr., tvívegis í 5. mgr. og í 6. mgr. 20. gr. c laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

XLIX. KAFLI

Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, með síðari breytingum

58. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 8. gr., í 4. mgr. 10. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. mgr. 14. gr. og í 3. mgr. 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

59. gr.

Orðin „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 3. málsl. 6. gr. laganna falla brott.

L. KAFLI

Breyting á lögum um skóga og skógrækt, nr. 33/2019, með síðari breytingum

60. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ tvívegis í 2. mgr. 19. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

LI. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 77/2019, með síðari breytingum

61. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í 9. mgr. 69. gr. laganna kemur: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, með síðari breytingum

62. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í öllum beygingarföllum í 9. tl. 1. mgr. 3. gr., 1., 2. og 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 14. gr., tvívegis í 1. mgr. 17. gr., 2. mgr. 18. gr., 2. og 3. mgr. 19. gr., í fyrirsögn 20. gr., fimm sinnum í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 20. gr., í 1. mgr., þrívegis í 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr., þrívegis í 1. mgr., í 2. mgr. og í tvívegis í 3. mgr. 23. gr., í fyrirsögn, 1. mgr. og 2. mgr. 24. gr., tvívegis í 1. mgr. 25. gr., í 3. mgr. 26. gr., í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og í 4. mgr. 27. gr., fjórvegis í 1. mgr., í 2. mgr. og 4. mgr. 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. mgr. 30. gr., þrívegis í 1. mgr., í 4. mgr. og tvívegis í 6. mgr. 32. gr., tvívegis í 1. mgr., 2. mgr., tvívegis 3. mgr. og í 4. mgr. 33. gr., 1. og 2. mgr. 34. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

LIII. KAFLI

Breyting á lögum um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, nr. 84/2023, með síðari breytingu

63. gr.

Í stað orðsins „Skipulagsstofnun“ í 2. mgr. 3. mgr. kemur „Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun“.

LIV. KAFLI

Breyting á lögum um sérstakan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023, með síðari breytingum

64. gr.

Í stað orðanna „Húsnæðis- og mannvirkjastofnun“ í öllum beygingarföllum í 1. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., c. lið 1. mgr. og 5. mgr. 9. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 2. og 4. mgr. 10. gr., í 1., 2. og 3. mgr. 11. gr., tvívegis í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og í 3. og 4. mgr. 12. gr., í 1., 2. og 3. mgr. 16. gr., 1. mgr. 17. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 3., 4. og 7. mgr. 19. gr. og í 1. og 2. mgr. 21. gr. laganna kemur í viðeigandi beygingarföllum: Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

65. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Við gildistöku laga þessara skal Skipulagsstofnun lögð niður og tekur Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Skipulagsstofnunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öll störf hjá Skipulagsstofnun eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Starfsmönnum Skipulagsstofnunar skal boðið starf hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Embætti forstjóra Skipulagsstofnunar er lagt niður við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 65. gr. er stjórnendum heimilt að hefja undirbúning gildistöku laganna við samþykkt þeirra, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Skipulagsstofnunar annað starf hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur til breytinga á skipulagslögum og lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun auk þess sem lagðar eru til breytingar á ákvæðum fleiri laga sem leiða af þeim breytingum. Lagt er til að starfsemi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar verði sameinuð þannig að verkefni Skipulagsstofnunar renni inn í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og að heiti stofnunarinnar verði breytt í Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun og að öll stjórnsýsla skipulagsmála og verkefni Skipulagsstofnunar verði á höndum stofnunarinnar.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Markmið með lagasetningunni er að einfalda stjórnsýslu og hagræða í ríkisrekstri.

Á síðustu fimm árum hafa verkefni frá þremur stofnunum flust til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og hefur það skilað bæði verulegri einföldun í stjórnsýslu og hagræðingu í ríkisrekstri.

Með sameiningu starfsemi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar verður allur ferillinn, frá skipulagi til fullbúins mannvirkis, á höndum einnar stofnunar gagnvart sveitarfélögum, fasteignaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum. Jafnframt er markmiðið að auka bolmagn hins opinbera á sviði skipulagsmála með samlegðaráhrifum af rekstri málaflokksins í stærri stofnun og samþættingu við aðra málaflokka á sama sviði. Þá er sameiningunni ætlað að mæta auknum kröfum um betri heildaryfirsýn yfir þróun byggðar, sjálfbæra landnotkun, húsnæðisþörf og nýtingu auðlinda. Skipulagsstofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun halda utan um, og veita aðgengi að upplýsingum um skipulag annars vegar og skráningu mannvirkja og fasteigna hins vegar. Þessi kerfi eru ekki tengd í dag. Ein stafræn lausn sem fylgir uppbyggingu allt frá skipulagsáætlun, yfir í afmörkun lands, útgáfu byggingarleyfis og allt til skráningar mannvirkja skapar veruleg tækifæri og einfaldara verður fyrir hagaðila og almenning að fá yfirsýn yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í landinu. Tækifæri myndast til að stytta afgreiðslutíma mála og ákvarðanataka framkvæmdaaðila, almennings og stjórnvalda verður upplýstari og skilvirkari. Á sama hátt verður hægt að samþætta kortalausnir og koma upp einu kortakerfi í stað þess að notendur þurfi að leita í ólíkum vefsíám (t.d.

skipulagsvefsjá hjá Skipulagsstofnun og vefsja landeigna hjá HMS). Það yrði til verulegrar einföldunar og bættrar þjónustu við alla. Með samþættingu þessara verkefna er einnig tækifæri til að efla birtingu gagna og bæta tölfræðilegar greiningar. Til dæmis mætti birta mælaborð sem sýnir eftir sveitarfélagi fjölda íbúðar- og atvinnuhúsnæðisá mismunandi stigum svo sem í húsnæðisáætlun, aðalskipulagi, deiliskipulagi, í byggingu, fullbúnað eða teknar í notkun.

Samhliða því að stjórnsýsla og yfirsýn verður einfaldari má búast við að sjaldnar verði árekstur milli ákvarðana í mismunandi málaflokkum og fela í sér einföldun við gerð umsagna, samþykktir og eftirlit. Dæmi eru um að það skorti á samþættingu milli skipulags- og mannvirkjamála sem ættu að heyra sögunni til. Dæmi um þetta eru aðgengismál, en byggingarreglugerð gerir kröfu um að fyrir hendi sé tiltekinn fjöldi stæða fyrir hreyfihamlaða á byggingarreit en í deiliskipulagi er yfirleitt ekki gert ráð fyrir slíku þegar stærð og fjöldi bílstæða er áætlaður. Einnig má nefna ljósvist, sem krafa er um í byggingarreglugerð en erfitt getur verið að fullnægja þeim kröfum hafi ekki verið hugað að þeim strax við skipulagsgerð.

Samruni þessara tveggja stofnana er í samræmi við stefnu stjórnvalda en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að eitt af forgangsverkefnum hennar sé að hagræða, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Þá er kveðið á um það í landskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038, sem samþykkt var með þingsályktun nr. 16/154 frá 2024, að brýnt sé að ná jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis í samræmi við þörf og samstillta stefnu og aðgerðir ríkis og sveitarfélaga til að tryggja nægt framboð. Tryggja þurfi framboð á fjölbreyttum íbúðum sem stuðla að sjálfbærni og félagslegri samheldni. Auka þurfi skilvirkni í ferlum skipulags og samhæfa og einfalda undirbúning framkvæmda við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis til að mæta eftirspurn og tryggja húsnæðisöryggi.

Í húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038, sem samþykkt var með þingsályktun nr. 21/154 frá 2024, er lögð áhersla á skilvirka stjórnsýslu á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála og fjallað um mikilvægi þess að stjórnvöld þjónusti fagaðila og framkvæmdaraðila með samræmdum og skilvirkum hætti á sviði skipulags- og byggingarmála. Lögbundnir ferlar og verklag í skipulags- og byggingarmálum er varða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis verði endurskilgreindir og samþættir sem liður í samþættingu landsskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu. Annars vegar verði samþættir ferlar við gerð deiliskipulags og byggingarleyfis og hins vegar ferlar við gerð aðalskipulags og húsnæðisáætlana.

Eru áætlanir um sameiningu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar liður í að ná þessum markmiðum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði sameinaðuð í Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun sinnir í dag stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Hjá Skipulagsstofnun starfa um 25 manns.

Árið 2020 varð Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til við sameiningu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar. Um mitt ár 2022 var fasteignaskrá flutt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá Þjóðskrá. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er sjálfstæð stofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir félags- og húsnæðismálaráðherra. Stofnunin starfar að stjórnsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, rafmagnsöryggismála og brunavarna, fer með samhæfingarhlutverk opinberrar markaðsgæslu, og rekur fasteignaskrá ásamt því að sinna verkefnum því tengdu. Þá heldur Húsnæðis- og

mannvirkjastofnun einnig utan um landeignaskrá sem er miðlægur, landfræðilegur gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um landeignir, hnitsetta afmörkun þeirra, afstöðu og umfang. Stofnuninni ber lögum samkvæmt ábyrgð á að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði, meðal annars með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknum, upplýsingagjöf, áætlanagerð og eftirliti. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sér einnig um Húsnæðissjóð sem er í eigu og á ábyrgð ríkissjóðs og hefur það hlutverk að fjármagna lánveitingar á samfélagslegum forsendum. Hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun starfa um 160 manns.

Með því að sameina starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verður til öflugri stofnun sem hefur getu til að vinna að þeim kerfisbreytingum í húsnæðismálum sem boðaðar eru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins, dags. 21. desember 2024. Með sameiningu næst fram einföldun stjórnsýslu skipulags- og mannvirkjamála. Ferill frá skipulagi til fullbúins mannvirkis verður hjá einni stofnun gagnvart sveitarfélögum, fasteignaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum. Með sameiningu verður aukin áhersla á hagkvæmni í landnýtingu, sjálfbærni og nýtingu auðlinda.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur ekki í sér álitæfni sem kallar á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð. – Í vinnslu

Þann 11. júlí 2025 var birt í Samráðgátt áformaskjal vegna sameiningar á starfsemi Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, mál nr. S-120/2025. Alls bárust 17 umsagnir um áformin. Umsagnir bárust frá Adam Hoffritz, Arkitektafélagi Íslands, Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur, Bjarna Gný Hjarðar, Bændasamtökum Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Friðrik Ólafssyni, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landsvirkjun, Orkuveitunni, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Skipulagsfræðingafélagi Íslands, Skorradalshrepp, Umbru – þjónustumiðstöð stjórnarráðsins, Vegagerðinni og Öryrkjabandalagi Íslands. Flestar þeirra voru jákvæðar í garð sameiningarinnar og töldu tækifæri til einföldunar og umbóta, sérstaklega varðandi stafræna málsmeðferð og samræmd rafræn gagnaskil. Það atriði sem tekið var til umfjöllunar í þónokkrum umsögnum var hvort rétt væri að nýta tækifærið og færa umhverfismat framkvæmda til Umhverfis- og orkustofnunar. Nokkrar umsagnir töldu verkefnið frekar eiga heima hjá Umhverfis- og orkustofnun á meðan aðrar töldu eðlilegra að verkefnið ætti að flytjast óbreytt með þeim verkefnum sem Skipulagsstofnun sinni og ætti því að fylgja með í sameiningunni.

Að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem komu fram í umsögnunum er það niðurstaðan í frumvarpi þessu að leggja til að umhverfismat framkvæmda verði flutt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar með öðrum þeim verkefnum sem Skipulagsstofnun sinnir í dag. Byggir sú niðurstaða fyrst og fremst á því að markmið frumvarps þessa er aðeins að flytja núverandi verkefni Skipulagsstofnunar til HMS en ekki að ráðast í kerfisbreytingar á umhverfismati framkvæmda.

6. Mat á áhrifum. – Í vinnslu

Eins og fram hefur komið mun sameining einfalda aðgengi almennings að opinberi þjónustu og sama gildir um hagaðila á byggingarmarkaði. Þá mun sameining auka bolmagn til að takast á við verkefni á sviði húsnæðis- og skipulagsmála og gera stjórnvöldum auðveldara að bregðast hratt við breytingum á ytri aðstæðum. Sameining er til þess fallin að

efla og samræma samstarf við ólíka hagaðila. Einföldun stjórnsýslu er jafnframt til þess fallin að flýta uppbygginu húsnæðis og þannig stuðla að auknu húsnæðisöryggi og stöðugu framboði af viðeigandi húsnæði. Einnig fæst betri heildaryfirsýn yfir þróun byggðar, sjálfbæra landnotkun og nýtingu auðlinda.

Með sameiningu er allur málaflokkurinn húsnæðis- og skipulagsmál (31) á ábyrgð einnar stofnunar. Það stytir boðleiðir, einfaldar þjónustu gagnvart hagsmunaaðilum og stuðlar að aukinni samræmingu hjá ríkinu. Auðveldara verður fyrir sveitarfélög og almenning að sækja þjónustu til ríkisins og einnig verður sveitarfélögum gert kleift að bæta þjónustu við borgarana. Aðgangur að gögnum og þjónustu verður í gegn um samhæfð kerfi á einum stað í stað margra. Til dæmis mætti útvíkka verkefnið um stafræn byggingarleyfi, sem unnið er í samstarfi við stafrænt Ísland, þannig að þar komi afmörkun landaeigna og skipulagsmál einnig á sama stað.

Eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að mestur ávinningur af sameiningu stofnananna tveggja felist í bættri þjónustu og aukinni skilvirkni gagnvart hagsmunaaðilum á sviði skipulags- og mannvirkjamála. Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að núverandi húsnæði HMS rúmi sameiginlega stofnun og sparist þannig um 30 milljónir króna árlega í húsnæðiskostnað. Þá má einnig gera ráð fyrir hagræðingu í innri þjónustu sem geti skilað um 50 milljónum króna á ári í sparnað þegar fram líða stundir. Hrein rekstrarhagræðing gæti því numið um 80 milljónum króna á ári.

Til viðbótar við framangreinda hagræðingu má gera ráð fyrir talsverðum samlegðaráhrifum vegna reksturs upplýsingakerfa sem mun koma málaflokknum til góða. Þær framfarir sem því fylgja munu auka enn frekar skilvirkni og einfalda stjórnsýslu málaflokkanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á skipulagslögum, nr. 123/2010, sem felur í sér að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun. Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa en er vísað til almenns hluta greinargerðar.

Um 2. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2010, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verður lögð niður og verkefnin færð til Húsnæðis-, mannvirkja-, og skipulagsstofnunar.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting að Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun taki við verkefnum Skipulagsstofnunar samkvæmt skipulagslögum.

Um 4. gr.

Í greinni er lögð til sú breyting á skipulagslögum að ákvæði um embætti forstjóra Skipulagsstofnunar verði fellt brott enda er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að embættið verði lagt niður við sameiningu stofnananna.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting á lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019 að heiti stofnunarinnar verði breytt í Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er lögð til sú breyting á lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að hlutverk stofnunarinnar verði víkkað út þannig að það nái einnig til stjórnsýsluverkefna á sviði skipulagsmála.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að við verkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar samkvæmt lögum um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun bætist verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010. Þá er heiti laga nr. 6/2001 breytt úr „lög um skráningu og mat fasteigna“ í lög um skráningu, merki og mat fasteigna til samræmis við breytingu sem gerð var á heiti laganna með lögum nr. 74/2022.

Um 8. gr.

Lagt er til að heiti laganna verði Lög um húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun til samræmis við nýtt heiti stofnunarinnar.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á þinglýsingarlögum, nr. 39/1978, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 21/1991, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 12. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 13. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á húsaleigulögum, nr. 36/1994, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 14. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum brunatryggingar, nr. 48/1994, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 15. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, nr. 72/1994, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 16. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 18. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 20. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um ríkisábyrgðir, nr. 121/1997, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 21. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 22. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 23. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á vopnalögum, nr. 16/1998, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 24. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 25. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um byggingarsamvinnufélög, nr. 153/1998, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 26. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 27. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 28. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 29. gr.

Lagt er til að orðið „Skipulagsstofnun“ í 3. mgr. 24. gr. laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, falli brott. Ákvæðið kveður nú þegar á um að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skuli eiga fulltrúa í samráðshópi eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland.

Um 30. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um vörur unnar úr eðalmálmum, nr. 77/2002, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 31. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 32. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 33. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 34. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á jarðalögum, nr. 81/2004, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 35. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 36. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um notkun raflagna og raffanga í núverandi ástandi á íbúðar- og skólasvæði fyrrum varnarsvæðis á Keflavíkurlugvelli, nr. 135/2007, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 37. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 38. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 39. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 40. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um visthönnun vöru sem tengist orkunotkun, nr. 42/2009, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 41. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 42. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 43. gr.

Lögð er til breyting á ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, en þar er fjallað um ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila. Samkvæmt gildandi lögum eiga bæði Skipulagsstofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fulltrúa í ráðgjafanefndinni, en lagt er til að framvegis eigi þar sæti fulltrúi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar.

Um 44. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 45. gr.

Um 46. gr.Í

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 47. gr.

Um 48. gr.Í

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 49. gr.

Um 50. gr.Í

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 51. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á efnalögum, nr. 61/2013, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 52. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 53. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um byggingarvörur, nr. 114/2014, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 54. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 55. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 56. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 57. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um timbur og timburvöru, nr. 95/2016, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 58. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 59. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 60. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 61. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 62. gr.

Lögð er til breyting á 3. málsl. 6. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, en í ákvæðinu er fjallað um þær fagstofnanir sem skulu vera svæðisráðum og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til ráðgjafar um atriði sem undir lögin heyra. Með sameiningu Skipulagsstofnunar og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er óþarft að kveða á um aðkomu Skipulagsstofnunar að ráðgjöf.

Um 63. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um skóga og skógrækt, nr. 33/2019, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 64. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á umferðarlögum, nr. 77/2019, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 65. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, nr. 111/2021, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 66. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, nr. 84/2023, sem leiða af því að Skipulagsstofnun verði lögð niður og verkefni færð til Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Um 67. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um sérstakan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023, sem leiða af því að heiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar verði breytt í Húsnæðis, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Um 68. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu er kveðið á um að öll störf hjá Skipulagsstofnun verði lögð niður við gildistöku laga þessara, verði frumvarpið óbreytt að lögum, og öllum þeim starfsmönnum sem eru í starfi við gildistöku laganna verði boðið starf hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Gert er ráð fyrir slík vinna geti hafist strax við samþykkt laganna og að leitast verði við að bjóða

starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa áður sinnt en jafnframt verður þó að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttri verkefnaskipan.

DRÖG